

Kirkjuþing 2021-2022

26. mál – þskj. 96

**Nefndarálit og breytingartillaga**  
**við tillögu til þingsályktunar um afnám gjaldtöku í áföngum vegna**  
**prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.**

Frá allsherjarnefnd.  
Frsm. Guðlaugur Óskarsson

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

*breytingartillögu:*

Kirkjuþing samþykkir að fela kjaranefnd kirkjunnar endurskoðun á fyrirkomulagi á gjaldtöku fyrir prestþjónustu þjóðkirkjunnar með það að markmiði að þjóðkirkjan veiti áfram sem hingað til framúrskarandi þjónustu í fjölbreyttu samfélagi. Kjaranefnd er kosin af kirkjuþingi og hefur fullt umboð þingsins til kjarasamningagerða sbr. 3. gr. starfsreglna um kjaranefnd.

Kirkjuþing samþykkir einnig að fella niður gjaldskrá kirkjuþings um aukaverk presta frá 2021.

Greinargerð.

Kirkjuþing hefur veitt kjaranefnd kirkjunnar umboð til að semja við starfsfólk kirkjunnar um kaup og kjör. Því ætti það að vera markmið kirkjuþings að fjalla sem minnst um kjaramál einstakra starfstétta kirkjunnar heldur beina þeim í þann farveg sem þingið sjálft hefur samþykkt.

Kirkjuþing samþykkti gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar, sbr. auglýsingu nr. 2/2021, og var hún sett með vísan í 8. gr. þjóðkirkjulaga nr. 77/2021. Gjaldsskráin gildir til mars 2023. Vilji löggjafans til þess að kirkjuþing setji gjaldskrá um aukaverk presta þó ekki fram með beinum hætti í lögum um þjóðkirkjuna. Það er aðeins talað um að kirkjuþing setji starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar og samþykki ályktanir og samþykktir um málefni þjóðkirkjunnar sbr. 1. mgr 8 gr. þjóðkirkjulaga. Það fyrirkomulag að kirkjuþing setji gjaldskrá um þjónustu þjóðkirkjunnar virðist fara gegn þeirri stefnu sem tekin er með

nýju réttarumhverfi um að prestar séu starfsmenn á almennum vinnumarkaði með tiheyrandi athafnafrelsi.

Með vísan til ofangreinds er lagt er til að kirkjuþing samþykki að fela kjaranefnd kirkjunnar endurskoðun á fyrirkomulagi á gjaldtöku fyrir prestþjónustu þjóðkirkjunnar og felli brott gjaldskrá kirkjuþings um aukaverk presta frá 2021.

Reykjavík, 21. mars 2022.

*Allsherjarnefnd*

Guðrún Karls Helgudóttir, formaður

Anný Ingimarsdóttir.

Árný Herbertsdóttir.

Guðbjörg Arnardóttir.

Guðlaugur Óskarsson.

Kolbrún Baldursdóttir.

Margrét Eggertsdóttir.

Þuríður Björg Wium Árnadóttir.